

Mánudaginn 28. janúarmán.

Nr. 21/1888.

Grenjaðarstaðarprestakall  
gegn  
eigendum Halldórsstaða.

## D ó m u r :

Með stefnu dagsettri 8. júnímán. f. á. hefur Páll málaflutningsmaður Briem, sem skipaður talsmaður Grenjaðarstaðarprestakalls, að fenginni gjafsókn, áfrýjað til landsyfirdómsins merkjadómi Þingeyjarsýslu, uppkveðnum 17. júnímán. 1887, í landaprætumáli milli jarðanna Grenjaðarstaðar og Birningsstaðar annarsvegar og hinsvegar jarðarinnar Halldórsstaða í Laxárdal, og eru landamerkin milli tjeðra jarða ákveðin þannig í dóminum, að landamerkjalinan skuli vera úr svonefndum Kálfalæk á Þegjandidal eptir Tvígörðum upp í Þorgerðarfell og þaðan bein stefna yfir fellid í norðvestur-upptök Merkigils (Grjótgils), þaðan eptir gilinu og læk þeim, sem úr því rennur, ofan yfir Grávídisflöt beina stefnu um Svartabraun í Laxá. Birningsstaðaey tilheyrir Birningsstöðum. Dagpeningar dómsmanna, að upphæð kr. 79,50, og ferðakostnaður oddvita eptir reikningi á eptir merkjadóminum að greiðast að hálfu af hinu opinbera og að hálfu af verjanda. Dómkröfur hins skipaða talsmanns áfrýjanda eru:

1. að hinn áfrýjaði landamerkjadómur verði dæmdur ómerkur með eða án heimvísunar;
2. að hinir stefndu verði skyldaðir til að greiða allan málskostnað fyrir undir- og yfirdómi, að skaðlausu eða eptir rjettarins mati, og
3. að honum verði dæmd 50 kr. málsfærslulaun.

Hinsvegar hefur verjandi krafizt, að hinn áfrýjaði

dómur verði staðfestur, en að áfrýjandi, eða hið opinbera verði dæmt til að greiða allan af málskotinu leiðandi kostnað með 100 kr. eða einhverju að rjettarins mati nægilegu.

Áfrýjandi heldur því fram, ómerkingarkröfu sinni til stuðnings, að dómendur hafi gjört sig seka í lögleysu, í fyrsta lagi af því, að þeir hafi ekki tekið hinn framlagða afstöðuuppdrátt til greina, og að því beri svo á að líta, sem enginn uppdráttur sje lagður fram, og því verði að vísa málinu frá, því ekki megi hann vanta; í öðru lagi af því, að þeir hafi tekið upp hjá sjálfum sjer að dæma um býlasetning og býlanöfn, og þannig gjört sig að málfærslumönnum, og loks af því, að þeir hafi byggt dóm sinn á hefðarhaldi Halldórsstaða og heimti fullkomna sönnun fyrir eignarrjetti Grenjadarstaðarprestakalls yfir þrætulandiinu.

Að því nú fyrst snertir afstöðuuppdráttinn, sem áfrýjandi hefur lagt fram í merkjadóminum og verjandi mótmælt, en merkjadómurinn ekki tekið tillit til, og því verður að skoðast sem ekki til í málinu, þer þess að geta, að dómendur og málsaðilar samkvæmt 10. gr. landamerkjálaga 17. marz 1882 eiga að ganga sjálfir á merki og kynna sjer vandlega landsháttu og land það, sem þrætan er um, og dómsgjörðirnar þera með sjer, að þessa lagaákvæðis hefur verið gætt í málinu; var því engin þörf á að leggja fram uppdrátt yfir þrætulandið í merkjadóminum, og því síður er ástæða til að álíta, að merkjadómurinn ekki mætti ganga framhjá mótmæltum uppdrætti, er við merkjagönguna reyndist verulega skakkur. Málinu verður því hvorki frávísað af þessari ástæðu, nje merkjadómurinn dæmdur ómerkur fyrir þingsafglöpun eða lögleysu, sem áfrýjandi telur

það; heldur ekki getur það valdið ómerking merkjadómsins, að dómendur hafa dæmt um býlasetning m. m., því það er einmitt ætlunarverk þeirra við áreiðar-gjörðina. Að merkjadómurinn hefur byggt dóm sinn á hefðarhaldi Halldórsstaða á þrætulandinu, verður heldur ekki skoðað sem ómerkingarástæða eins og nú skal greina.

Þrætuland það, sem áfrýjandi fer fram á, að hann eigi, liggur fyrir sunnan merkjalínu þá, sem merkjadómurinn setur, og eru sudurtakmörk þess lands, sem áfrýjandi eignar sjer, lína frá Nautatangasyki við Laxá gegnt Birningsstaðaey og í Stekkjarhnúta og þaðan í Brennislækjarbotna til Kálfalækjar, og er adalþrætulandið svo nefnt Hrisaland, sem áfrýjandi telur liggja fyrir sunnan merkjalínu þá, sem merkjadómurinn hefur sett, en verjandi og merkjadómurinn segir að liggja fyrir norðan þá línu.

Til sönnunar fyrir eignarrjetti sínum fyrir þrætulandinu svo og fyrir að Grenjaðarstaður eigi  $\frac{1}{2}$  selför í skarði uppi hefur áfrýjandi lagt fram:

- a. útdrætti úr máldögum Grenjaðarstaðarkirkju, Auðunnarmáldaga, Pjetursmáldaga, 2 máldögum Ólafs Rögnvaldssonar og úr Sigurðarregistri.
- b. Þingvitni 3 manna frá 1458.
- c. Lögfestur frá 1790 og 1805 og 2 óeiðfesta utanrjettarvitnisburði.

Hinir síðastnefndu vitnisburðir geta enga þýðingu haft í málinu, og svo er og um lögfesturnar frá 1790 og 1805, því lögfestur eru að eins einhliða yfirlýsingar þess, er lögfestir, um hvað hann vill eigna sjer, en ekki nein sönnun fyrir eignarrjetti hans að hinu lögfesta. Og að því sjerstaklega snertir lögfestuna frá 1790, þá nefnir hún að eins, að Grenjaðarstaður

eigi «Hrísaland» og «selför hálfá í Skarði uppi» án þess að tilgreina með merkjum hvar Hrísaland og selförin liggi.

Að því máldaga kirkjunnar snertir, þá telja þeir allir að vísu Hrísaland eign kirkjunnar, svo og hálfá selför á Skarði uppi, en láta með öllu ósagt, hvar þetta land og þessi selför sje, og úr þessari óvissu virðist þingvitnið frá 1458 ekki að bæta. Það verður því ekki álitnið, að áfrýjandi hafi sannað eignarrjett sinn að þrætulandiinu. Á hinn bóginn hafa eigendur Halldórsstaða lagt fram kálfskinnsbrjef, er þeir vilja að sanni eignarrjett þeirra til þrætulandsins; brjef þetta er upphafs-laust og innsiglislaust, og verður því ekki talið fullgilt eignarskjal fyrir þrætulandiinu.

En á hinn bóginn virðist það vera fullsannað, að þrætulandið hefur um mjög langan aldur verið notað frá Halldórsstöðum bæði til slæгна og beitar óátalið af hálfu Grenjadarstaðarprestakalls, því þótt ágreiningur hafi verið milli Grenjadarstaðar og Halldórsstaða um þrætulandið, þá hefur hann ekki fyr en nú verið borinn undir úrskurð dómstólanna. Það ber því að staðfesta hinn áfrýjanda merkjadóm. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Að því leyti málið hefur verið sótt með gjafsókn, bæði í hjeradi og fyrir yfirdómi, vottast, aðflutningur þess hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Merkjadóminum skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.